| | Ár | Nr. | Heiti | Umfjöllun um stjórnunar og eignatengsl | Slóð á frétt/samantekt |
|---|---|---|---|---|---|
| Skýrsla | 2020 | 3 | Þekking og viðhorf stjórnenda íslenskra fyrirtækja til samkeppnismála | Í skýrslunni eru birtar niðurstöður könnunar um viðhorf stjórnenda íslenskra fyrirtækja til samkeppnismála. Leiðir könnunin m.a. í ljós að stór hluti íslenskra fyrirtækjastjórnenda telur að samkeppnislagabrot eigi sér stað á sínum markaði. | https://www.samkeppni.is/utgafa/frettir/stor-hluti-islenskra-stjornenda-telur-sig-verda-varan-vid-samkeppnislagabrot-vidhorfskonnun-samkeppniseftirlitsins |
| Skýrsla | 2020 | 2 | Breytingar á eldsneytismarkaði - Úrlausn samkeppnishindrana sem bent var á í markaðsrannsókn Samkeppniseftirlitsins | Í skýrslunni er gerð grein fyrir samkeppnishömlum sem fjallað var um í frummati markaðsrannsóknar á eldsneytismarkaði (skýrslu nr. 2/2015) og fjallað um breytingar sem orðið hafa í framhaldi af eða í tengslum við markaðsrannsóknina. M.a. er gerð grein fyrir breytingum í dreifingu og birgðahaldi, sem varða stjórnunar- og eignatengsl. | https://www.samkeppni.is/utgafa/frettir/adgerdir-sem-mida-ad-virkari-samkeppni-a-eldsneytismarkadi |
| Skýrsla | 2020 | 1 | Samstarf eða samkeppni - Uppbygging fjarskiptainnviða | Í skýrslunni er m.a. rakinn gildandi réttur og stefnumörkun á þessu sviði á Evrópska efnahagssvæðinu, innan OECD og í einstökum löndum, t.d. Bretlandi. Rakið er að víðtækt innviðasamstarf keppinauta geti stefnt í hættu markmiðum um að skapa aðstæður fyrir fjárfestingu og hraða uppbyggingu grundvallarinnviða eins og 5G. Svo víðtækt samstarf sé ekki í samræmi við stefnumörkun í nágrannalöndum og geti skaðað hagsmuni almennings. | |
| Skýrsla | 2019 | 2 | Greining á markaði fyrir fjárhagskerfi | Í skýrslunni er birt greining á mörkuðum fyrir viðskiptahugbúnað sem fyrirtæki nota til þess að fylgjast miðlægt með fjárhagsupplýsingum úr rekstri sínum. Greiningin var unnin í tengslum við rannsókn á samruna Advania Holding hf. og Wise laudna ehf. Ekki kom til ákvörðunar í málinu þar sem hætt var við samrunann undir lok rannsóknarinnar. | https://www.samkeppni.is/utgafa/frettir/samkeppniseftirlitid-gefur-ut-skyrslu-um-markadinn-fyrir-fjarhagskerfi |
| Skýrsla | 2019 | 1 | Íslenskur almenningur meðvitaður um mikilvægi virkrar samkeppni - MMR könnun | Í skýrslunni er gerð grein fyrir viðhorfum almennings til samkeppnismála, þ. á m. til samkeppni í tilteknum atvinnugreinum. Niðurstöðurnar eru bornar saman við niðurstöður í sambærilegri könnun í ríkjum Evrópusambandsins. M.a. upplifun almennings af samkeppnishindrunum á einstökum mörkuðum. | https://www.samkeppni.is/utgafa/frettir/islenskur-almenningur-medvitadur-um-mikilvaegi-virkrar-samkeppni |
| Skýrsla | 2018 | 1 | Framtíðarsýn fyrir fjármálakerfið - Svör Samkeppniseftirlitsins við spurningum Hvítbókarnefndar | Í skýrslunni er fjallað um samkeppnisaðstæður á fjármálamarkaði, áhrif virkrar samkeppni á hagræðingu og fjármálastöðugleika, mikilvægi nýsköpunar í fjármálaþjónustu og samspil mismunandi hagsmuna í starfsemi banka. Sérstaklega er fjallað um stjórnunar- og eignatengsl í kafla 10, en þar er gerð grein fyrir eignarhaldi lífeyrissjóða í atvinnulífinu og áhrif þess gerð að umtalsefni. | |
| Skýrsla | 2015 | 2 | Markaðsrannsókn á eldsneytismarkaðnum - Frummatsskýrsla | Skýrslan var liður í markaðsrannsókn á eldsneytismarkaðnum. Í henni er ítarlega fjallað um aðstæður og háttsemi sem talin er hindra samkeppni, gerð grein fyrir hárri verðlagningu og samanburði við nágrannalönd og bent á aðgerðir sem til greina koma til þess að ryðja þeim úr vegi. Sérstaklega er fjallað um stjórnunar- og eignatengsl í kafla 5.6 og viðauka B.5. Bent er á að sameiginlegt eignarhald lífeyrissjóða í eldsneytisfyrirtækjum ýti undir hvata til samhæfingar. Einnig er fjallað um stjórnunar- og eignatengsl í dreifingu og birgðahaldi, m.a. í gegnum Olíudreifingu hf. | https://www.samkeppni.is/utgafa/frettir/nr/2726 |
| Skýrsla | 2015 | 1 | Leiðbeining um samkeppni á dagvörumarkaði - Staða samkeppninnar 2015 | Í skýrslunni eru dregnar saman ákvarðanir (íhlutanir, tilmæli og aðrar úrlausnir) sem hafa leiðbeiningargildi, fjallað um þróun markaðshlutdeildar, verðþróun á dagvörumarkaði, gerð grein fyrir athugunum á viðskiptasamningum birgja og dagvöruverslana og sett fram tilmæli um endurskoðun á skilarétti dagvöruverslana og matarsóun henni tengdri. | https://www.samkeppni.is/utgafa/frettir/nr/2485 |
| Skýrsla | 2013 | 3 | Er týndi áratugurinn framundan? - Öflug samkeppni læknar stöðnun | Skýrsla gefin út á alþjóðlegri ráðstefnu um samkeppnismál (The Future Ain't What it Used to Be - 20 Years og Competition Laws in Iceland). Í skýrslunni er fylgt eftir rannsóknum eftirlitsins á fjárhagsstöðu og endurskipulagningu 120 fyrirtækja og lýst áhyggjum af áhrifum mikillar skuldsetningar á samkeppni og vaxandi stjórnunar- og eignatengslum á vettvangi lífeyrissjóða. | https://www.samkeppni.is/urlausnir/skyrslur/nr/2247 |
| Skýrsla | 2013 | 1 | Fjármálaþjónusta á krossgötum | Fjallað um stöðu stóru bankanna gagnvart minni fyrirtækjum og áhrif eigna- og viðskiptatengsla á fjármálaþjónustu. Einnig fjallað um stærð og umgjörðfjármálafyrirtækja síðastliðinn aldarfjórðung, samþjöppun, rekstrarkostnað, samruna og samstarf. Gerð er grein fyrir aðgangshindrunum og fjallað um verðbréfaþjónustu, fyrirtækjaráðgjöf, eignastýringu og miðlun og hugað að aðskilnaði viðskiptabanka- og fjárfestingarbankastarfsemi. | https://www.samkeppni.is/utgafa/frettir/nr/2090 |
| Skýrsla | 2012 | 3 | Endurreisn fyrirtækja 2012 - Aflaklær eða uppvakningar? | Áframhald greiningar á fjárhagsstöðu 120 stórra fyrirtækja (skýrsla nr. 2/2011). Gerð er grein fyrir mikilli skuldsetningu endurskipulagðra fyrirtækja og líklegum áhrifum þess á samkeppni. Fjalla um áhrif víðtæks eignarhalds banka á fyrirtækjum. | https://www.samkeppni.is/utgafa/frettir/nr/1965 |
| Skýrsla | 2012 | 1 | Verðþróun og samkeppni á dagvörumarkaði | Fjallað um samþjöppun og aðgangshindranir á dagvörumarkaði og gerð grein fyrir ítarlegri rannsókn sem leiddi í ljós órökstuddan verðmun í viðskiptum birgja við annars vegar stærri verslanakeðjur (einkum Haga) og hins vegar minni verslanir. Sett fram tilmæli til fyrirtækja og stjórnvalda. | https://www.samkeppni.is/utgafa/frettir/nr/1917 |
| Skýrsla | 2011 | 2 | Samkeppnin eftir hrun | Greining á fjárhagsstöðu og fjárhagslegri endurskipulagningu 120 stórra fyrirtækja á völdum samkeppnismörkuðum. Fjallað um að bankar, skilanefndir og lífeyrissjóðir ráði yfir rúmlega 80% eignarhlutar þessara fyrirtækja. Einnig er gerð grein fyrir helstu áskorunum við endurreisn atvinnulífsins og lagðar fram tillögur. | https://www.samkeppni.is/utgafa/frettir/nr/1780 |
| Skýrsla | 2011 | 1 | Samkeppni á bankamarkaði - Umræðuskjal | Fjallað um samþjöppun og áskoranir á bankamarkaði í kjölfar bankahrunsins, áhrif samruna á markaðinum, yfirráð banka yfir atvinnufyrirtækjum og nauðsyn þess að huga að samkeppni við frekari stefnumörkun. | https://www.samkeppni.is/utgafa/frettir/nr/1751 |
| Skýrsla | 2009 | 3 | Greiðslumiðlun á Íslandi og verkefni Fjölgreiðslumiðlunar - Umræðuskjal | Fjölgreiðslumiðlun var sameiginlegt fyrirtæki banka og greiðslukortafyrirtækja. Í kjölfar rannsóknar á samráðsbrotum (ákv. nr. 4/2008) skuldbundu aðilar sig til að endurskoða starfsemina og óska eftir heimild til samstarfs sem fólst m.a. í sameiginlegu eignarhaldi banka og kortafyrirtækja. | https://www.samkeppni.is/utgafa/frettir/nr/278 |
| Skýrsla | 2009 | 2 | Bankar og endurskipulagning fyrirtækja - Stefnumörkun | Fjallað er um möguleg skaðleg áhrif þess að bankar tækju yfir rekstur atvinnufyrirtækja í erfiðleikum, þ.á m. áhrif þeirra á stjórnun fyrirtækja og markaða og sameiginlegt eignarhald. | https://www.samkeppni.is/utgafa/frettir/nr/286 |
| Skýrsla | 2008 | 2 | Öflug uppbygging - opnun markaða og efling atvinnulífs (uppfærð 2009) | Greining á 15 samkeppnismörkuðum, þar sem dregnar eru fram helstu hindranir sem ný eða smærri fyrirtæki standa frammi fyrir, tilmæli til stjórnvalda um aðgerðir til að opna markaði og viðhalda samkeppni, reynsla annarra ríkja af kreppum og lærdóm sem draga má. | https://www.samkeppni.is/utgafa/frettir/nr/250 |
| Skýrsla | 2008 | 1 | Viðskiptasamningar birgja og annað samstarf fyrirtækja á matvörumarkaði | Fjallað um verðlag á Íslandi samanborið við önnur lönd, gerð grein fyrir samkeppnishamlandi viðskiptasamningum og mælst til þess að keppinautar gangi úr skugga um lögmæti samninga sinna. | https://www.samkeppni.is/utgafa/frettir/nr/235 |